

Samvinnunefnd um Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

1. fundur haldinn í Borgartúni 3, þriðjudaginn 10. júlí 2007.

Fundinn sátu:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir. - Kópavogur: Einar Kr. Jónsson. – Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson. – Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsst. - Mosfellsbær: Haraldur Sverrisson og Finnur Birgisson, skipulagsst. - Seltjarnarnes: Ólafur Egilsson og Stefán Bergmann. - Álftanes: Kristinn Guðmundsson og Kristinn Guðlaugsson. - Kjós: Sigurbjörn Hjaltason. - Skipulagsstofnun: Stefán Thors skipulagsstjóri. Framkvæmdasvið: Ámundi Brynjólfsson skrifstofustjóri Mannvirkjasviðs. - Skipulags- og byggingarsvið: Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri og Bergljót S. Einarsdóttir arkitekt sem ritaði minnisblað að fundi loknum.

Minnisatriði fundar

Hanna Birna Kristjánsdóttir setti fund 1. fund samvinnunefndar um Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

1. Starfsreglur samvinnunefndar. Drög

Lögð voru fram drög að starfsreglum fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag á höfuðborgarsvæðinu. Fjallað verður um reglurnar á næsta fundi nefndarinnar. Rætt var um að á þeim fundi yrði jafnframt kosinn formaður, varaformaður og ritari nefndarinnar.

2. Glaðheimar, Kópavogi. Tillaga að breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Aðalsteinn Snorrason Arkís, Rúnar D. Bjarnason VGK Hönnun og Einar Kr. Jónsson ræddu um tillögu að breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna Glaðheima í Kópavogi. Lögð var fram matslýsing, dags. júlí 2007, um umhverfismat breytingar á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 vegna Glaðheima í Kópavogi.

Nefndin kallar eftir tillögu að breytingu á svæðisskipulagi ásamt greinargerð svo hægt verði að fjalla nánar um málið.

3. Sundabraut / Sundagöng. Kynning á ferlum við breytingar á svæðis- og aðalskipulagi Reykjavíkur. Bergljót S. Einarsdóttir kynnti ferla við breytingar á svæðis- og aðalskipulagi og gerði grein fyrir hugsanlegum breytingum sem gera þyrfti á gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur vegna tillagna um Sundabraut/Sundagöng. Umrædd breyting myndi einnig kalla á breytingu á Svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins en skoða þyrfti nánar umfang breytingarinnar. Það yrði gert m.a. í tengslum við umhverfismat skipulagsáætlananna.

Bent var á að skoða þyrfti m.a. umferðarflæði og hugsanlegt umferðarmagn og umferðarflæði ólíkra kosta. Einnig var bent á að skoða þyrfti umferðarmál í stærra samhengi ef byggja ætti mikið í Örfirisey. Hanna Birna Kristjánsdóttir upplýsti að hugmyndir hefðu komið fram um uppbyggingu þar (Örfirisey) en ekki lögju fyrir neinar ákvarðanir um uppbyggingu á þessu stigi.

4. Sundabraut / Sundagöng. Kynning á mati á umhverfisáhrifum framkvæmdar.

Ámundi Brynjólfsson kynnti Sundabrautarverkefni sem er skipt í tvo áfanga. Fyrsti áfangi er vegtenging yfir Elliðaárvog en 2.áfangi liggur frá Gufunesi upp á Kjalarnes. Nú stendur yfir kynning á „drögum að tillögu að matsáætlun“ fyrir 1.áfanga og á næstu dögum verður tillaga að matsáætlun“ fyrir 2.áfanga send til Skipulagsstofnunar. Hægt er að skoða gögnin á heimasíðu Framkvæmdasviðs á nýrri vefsíðu um Sundabraut.

5. Næstu fundir.

Rætt var um að næstu fundir nefndarinnar yrðu haldnir 10. ágúst og 17. ágúst nk. Fundarboð verður sent út síðar.